

Svo greiði kærður allan af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Benedikt Gabriel Guðmundsson, greiði 150 króna sekt að hálfu í rikissjóð og að hálfu í sóttarnarsjóð, en sæti 12 daga einföldu fangelsi, ef sektin verður eigi greidd innan sjö daga frá birtingu dóms þessa.

Ennfremur greiði kærði allan kostnað sakarinnar, sem orðinn er og verður.

Dóminum (ber) að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 22. apríl 1940.

Nr. 12/1940. Réttvísinn og valdstjórnin

(Theódór B. Lindal)

gegn

Jóni Jónssyni (Jón Ásbjörnsson).

Manndráp af gáleysi.

Dómur hæstaréttar.

Með þeirri athugasemd, að telja verður ákærða bera aðalábyrgðina á slysinu, þykir mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, 80 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Jón Jónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutnings-

laun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Theódors B. Linds og Jóns Ásbjörnssonar, 80 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### Dómur aukaréttar Reykjavíkur 19. janúar 1940.

Ár 1940, föstudaginn 19. janúar, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómara af hinum reglulega dómara, Jónatan Hallvarðssyni, settum sakadómara, uppkveðinn dómur í málinu nr. 2439/1939: Réttvísing og valdstjórnin gegn Jóni Jónssyni, sem tekið var til dóms þann 18. desember s. l. Mál þetta er af réttvísing og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Jóni Jónssyni, bifreiðarstjóra, Ljósvallagötu 14 hér í bæ, fyrir brot gegn 17. kapitula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869, lögum nr. 70 8. september 1931 um notkun bifreiða og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 9. nóvember 1896, og hefir, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1931  $2\frac{1}{4}$  Sætt: 10 kr. sekt fyrir bifreiðarékstur.

1931  $2\%$  Áminning fyrir brot á samþykkt um bifreiðastæði.

1932  $1\%$  Sætt: 45 kr. sekt fyrir að hafa tvo farþega í framsæti bifreiðar.

1932  $\frac{9}{10}$  Sætt: 10 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögunum.

1933  $1\frac{8}{1}$  Sætt: 10 kr. sekt fyrir brot á öküreglum.

1933  $\frac{1}{9}$  Kærður af Jóni Rósant Guðjónssyni fyrir árekstur bifreiðar og hjólreiðamanns. Látið falla niður.

1934  $2\frac{2}{10}$  Sætt: 10 króna sekt fyrir brot á samþykkt um bifreiðastæði.

1934  $2\frac{2}{12}$  Aðvörðun fyrir afturljósleysi á bifreið.

1935  $3\%$  Undir rannsókn útaf bílslysi.

1936  $1\%$  Undir rannsókn útaf bifreiðarékestri. Ekki talin ástæða til málssóknar.

1937  $1\frac{7}{11}$  Áminning fyrir afturljósleysi á bifreið.

- 1938  $\frac{5}{10}$  Undir rannsókn útaf ökuóhappi. Ekki talin ástæða til málssóknar.
- 1938  $\frac{4}{11}$  Undir rannsókn útaf ökuóhappi. Skýrsla send hlutaðeigandi váttryggingarfélagi. Ekki talin ástæða til málssóknar.
- 1938  $\frac{17}{11}$  Áminning fyrir akstur með ófullnægjandi ljósum.
- 1939  $\frac{20}{7}$  Undir rannsókn útaf ökuóhappi. Skýrsla send hlutaðeigandi váttryggingarfélagi. Ekki talin ástæða til málssóknar.

Ákærði er eigandi bifreiðarinnar R. 846, sem er leigubifreið til fólksflutninga, og ekur henni frá bifreiðastöðinni „Bifröst“ hér í bæ. Hann lærði að stýra bifreið árið 1931 og hefir stöðugt stundað bifreiðarakstur síðan árið 1932. Aðfaranótt föstudagsins 17. nóv. s. l. hafði bifreiðastöðin „Bifröst“ næturalaksturinn í bænum, og var ákærði því með bifreið sína í akstri alla nóttina.

Þannig stóð á, að Einar Halldór Eypórsson, verkamaður, Laugarásbletti 16, þurfti að flytja lifandi ref heiman að frá sér fram í skip, sem leggja átti af stað til Borgarfjarðar kl. 7 á föstudagsmorguninn. Á fimmtudagskvöldið bað hann ákærða, sem hann oftast hafði ekið með, þegar hann þurfti á bifreið að halda, að sækja sig heim til sín kl. 6,30 á föstudagsmorguninn. Þetta gerði ákærði. Um refinn var húið í kassa, sem látinn var ofan á vörukassa aftan á bifreiðinni, og kveðst Einar, sem leiddur hefir verið sem vitni, hafa beðið ákærða að aka hægt og gætilega í tilefni af þessum flutningi, sérstaklega af því að kassinn með refnum var ekki bundinn. Ákærði kveðst ekki muna eftir þessari beiðni Einars, en hafa álitid sig þurfa að aka fremur hægt. Ákærði ók nú bifreiðinni frá Laugarásbletti 16 áleiðis til bæjarins, og sat Einar í framsætinu hægra megin við ákærða, en aðrir voru ekki í bifreiðinni. Ákærði ók eftir Suðurlandsbraut, og þegar hann var kominn í nánd við húsið Tungu, sem er rétt innan við bæinn, rakst bifreiðin á mann, sem þar var á gangi áleiðis til bæjarins, svo að hann féll á götuna og beið bana samdægurs af afleiðingum árekstrarins.

Maður þessi var Jón Erlendsson, til heimilis á Álfabrekku við Suðurlandsbraut, starfsmaður hjá Sláturfélagi Suðurlands.

Um kl. 6,30 þenna morgun hafði hann lagt af stað frá

Álfabrekku ásamt Bjarneyju Guðrúnu Björnsdóttur, sem þar átti einnig heima og einnig var starfsstúlka hjá Sláturfélagi Suðurlands, gangandi áleiðis til vinnu sinnar, en þau áttu bæði að vera komin til vinnu kl. 7. Þau gengu Suðurlandsbraut með venjulegum gönguhraða, samsíða, og gekk Bjarney yzt á vinstri vegarbrún, en Jón heitinn um tveim fetum innar á veginum. Þegar þau voru komin nálægt Tungu, heyrði Bjarney, að bifreið kom á eftir þeim, og ályktaði hún af hljóði því, er hún heyrði frá bifreiðinni, að henni væri ekið mjög hratt. Hún leit þó ekki við og sá því ekki akstur bifreiðarinnar fyrr en í því, að slysið gerðist. Um leið og bifreiðin var að koma að þeim, sá Bjarney, að Jón heitinn leit aftur fyrir sig. Rétt á eftir var bifreiðinni ekið fram hjá Bjarneyju, og missti hún þá sjónar á Jóni heitnum og brá jafnframt svo, að hún gat ekki áttað sig á, hvað var að gerast fyrr en hún sá, að bifreiðin hafði verið stöðvuð og tveir menn komu út úr henni, þ. e. ákærði og Einar. Þá var bifreiðin, að sögn Bjarneyjar, komin nokkuð langt fram hjá henni, en Jón heitinn lá á veginum milli hennar og bifreiðarinnar og var mun lengra bil milli Bjarneyjar og Jóns heitins en hans og bifreiðarinnar. Jón heitinn lá á bakinu langs eftir veginum, þó lítið eitt á ská, og vissi höfuð hans til austurs. Hafði bifreiðin ekki farið yfir hann, því að við áreksturinn hafði hann kastast frá bifreiðinni þannig, að hann féll niður vinstra megin við hana. Hann virtist meðvitunarlaus og gaf ekkert hljóð frá sér nema lágar stunur. Þeir ákærði og Einar færðu Jón heitinn upp í bifreiðina og fluttu hann á Landspítalann, og Bjarneyju fluttu þeir að húsi Sláturfélags Suðurlands.

Eins og áður segir, andaðist Jón heitinn samdægurs af völdum slyssins. Réttarkrufning fór fram daginn eftir, og framkvæmdi hana prófessor Niels Dungal. Eru ályktunarorð hans í skýrslunni um krufninguna á þessa leið: „Krufningin hefir leitt í ljós, að hinn látni hefir orðið fyrir mjög miklum áverka, sérstaklega á höfuðið, sem hefir brotnað þannig, að mikill hluti heilabúsins hefir brotnað og blætt mjög mikið, bæði út undir húð og eins inn á við, og sömu leiðis hefir heilinn orðið fyrir mjög miklum áverka, þar sem v. heilahelmingur hefir rifnað á töluverðu svæði neðan til. Ennfremur hefir vinstri fótur orðið fyrir mjög miklum

áverka, sem hefir leitt til þess, að vinstra öklabein hefir brotnað og maðurinn farið úr liði á öklanum um leið. Þessir áverkar, einkum áverkinn á höfuðið, hafa orðið banamein mannsins, sem virðist hafa verið alveg hraustur fyrir.“

Skal nú athugaður akstur ákærða, þegar slysið varð, og ástand bifreiðarinnar.

Ákærði ók bifreiðinni sem næst eftir miðjum vegi, þó aðeins frekar á vinstra vegarhelmingi. Hraðamælir bifreiðarinnar var ónýtur, svo að ökuhraðinn verður ekki ákveðinn með nákvæmni. Ákærður telur hann hafa verið 20—25 km, miðað við klukkustund, en kveðst þó ekki geta fullyrt það, en yfir 30 km segir hann hraðann alls ekki hafa verið. Vitnið Einar Halldór Eyþórsson hefir gizkað á, að hraðinn hafi verið 30—35 km og hafi sér virzt hraðinn fremur lítill. Vitnið Bjarney Guðrún Björnsdóttir hefir skýrt svo frá, eins og áður segir, að sér hafi virzt á hljóði því, sem bifreiðin gaf frá sér, að henni væri ekið mjög hratt. Sökum hinna óljósu skýrslna vitnanna um ökuhraðann, verður að leggja frásögn ákærða um hann til grundvallar. Frásögn ákærða um ástand ljósa bifreiðarinnar verður einnig að leggja til grundvallar, en hún er á þá leið, að ljósin hafi verið mjög dauf, það svo, að þegar hægt var ekið, hafi þau aðeins verið rauðleitar týrur, og þegar slysið gerðist, hafi þau ekkert eða sama sem ekkert lýst fram fyrir bifreiðina. Hann hafði fyrr um morguninn orðið þess var, að ljósin voru dauf, en af því að þetta var síðasta ferðin, sem hann ætlaði að fara þenna morgun, lét hann ljósin duga í þessu ástandi. Deyfð ljósanna stafaði af því, að rafgeymir bifreiðarinnar var allt að því tæmdur. Ákærði lýsir svo hemlum bifreiðarinnar, að hemlar hafi verið á öllum hjólum hennar, en mun lélegri en þeir eiga að vera á öllum hjólunum nema vinstra afturhjóli. Rannsóknarlögreglan athugaði hemlana, þegar eftir að hún hafði fengið mál þetta til rannsóknar, og reyndist hemill vinstra afturhjóls góður, en hemlar hinna hjólanna óvirkir, og þegar bifreiðinni var ekið á ca. 20 km hraða, miðað við klukkustund, á sléttum malbikuðum vegi, eins og var á slysstaðnum, og hemla þá neytt eins og auðið var, stöðvaðist hún á 12,60 metra vegalengd. Tveimur dögum fyrir slysið hafði bifreiðin verið á bifreiðaviðgerðarverkstæði og þar verið

lagfærðir hemlar afturhjólanna. En þó að svo hafi verið, er það óyggjandi, að hemlum allra hjóla bifreiðarinnar, nema vinstra afturhjóls, hafi verið mjög ábótavant, þegar slysið gerðist. Strax þegar rannsóknarlögreglan hafði fengið málið til rannsókna, þ. e. mjög skömmu eftir að slysið varð, fór hún á slysstaðinn, og sást þá mjög skýrt hemlavarð á syðri helmingi vegarins. Það var um 21 metra langt og vísaði dálítið inn á veginn, en vesturendi þess náði á móts við blóðblettina, sem á veginum voru. Hinsvegar sást ekki hemlavarð eftir hitt hjólið. Telur rannsóknarlögreglan sjáanlegt, að hemlafarið sé eftir bifreið, sem ekið hefir verið vestur veginn, eða í áttina til bæjarins, og runnið þenna vegarspotta með vinstra afturhjólið fast. Er það álit rannsóknarlögreglunnar, að hemlavarð þetta sé eftir bifreið ákærða, einmitt þegar slysið var að gerast. Ákærði hefir ekkert getað um þetta sagt, en hann er ekki viss um, vegna geðshræringar þeirrar, er hann komst í, þegar slysið var að gerast, hvort hann þá neytti hemlanna eins og unnt var. Telja verður mjög líklegt, að umrætt hemlavarð sé eftir bifreið ákærða, og bendir það til þess, að annaðhvort hafi hann ekið með meiri hraða en gert er ráð fyrir hér að framan eða hann hafi ekki, þegar slysið var að gerast, neytt hinna lélegu hemla eins og þó muni hafa verið unnt.

Þegar slysið gerðist, var náttmyrkur og ekki farið að birta, en ljóskeralýsing mun hafa verið mjög slæm á slysstaðnum. Annars var veður bjart og vegurinn snjólaus og þurr.

Vitnið Einar Halldór Eypórsson kveðst hafa séð þau Jón heitinn og stúlkuna á gangi á undan bifreiðinni í á að gizka 30 metra fjarlægð. Hvað sem þessari fjarlægðarágizkun liður, er það ljóst, að unnt hefir verið að sjá þau, nokkru áður en bifreiðin var komin fast að þeim, og hefði þá annaðhvort átt að vera unnt að hemla bifreiðina til að forðast árekstur eða víkja henni til hægri í sama tilgangi, því þarna er góður og breiður vegur, og engin umferð var þar á þessum tíma, önnur en um hefir verið rætt. En ákærði kveðst ekki hafa séð stúlkuna og Jón heitinn fyrr en bifreiðin var alveg að rekast aftan á hann, eða um leið og vinstri armur framvara bifreiðarinnar var að koma við fótleggi hans. Þá hemlaði ákærði bifreiðina, en í sama augnabliki gerðist sjálft slysið. Mun það hafa

gerzt þannig, að vinstra ljósker bifreiðarinnar rakst í Jón heitinn, hann fallið aftur fyrir sig á bifreiðina og síðan kastast útaf henni til vinstri. Ákærði veit ekki, á hve löngu færi hann stöðvaði bifreiðina, en það hefir verið nokkur spölur, og er ekki ólíklegt, eins og áður segir, að það hafi verið 21 metri.

Nú hafa verið rakin atriði málsins, eins og ástæða þykir til. Er þá að athuga, hvort ákærði með atferli sínu hefir brotið þau lagaákvæði, sem mál hefir verið höfðað gegn honum fyrir brot á.

Því skal strax slegið föstu, að slysið og þar af leiðandi dauði Jóns heitins Erlendssonar er að kenna stórkostlega gálauslegum akstri ákærða. Hefir ákærði því gerzt brotlegur við 200. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869. Með því að aka bifreiðinni með óvirkum hemlum á þremur hjólum og lítt nýtum ljósum í framljóskerunum hefir hann brotið 3. gr. 1. og 3. tölulið bifreiðalaganna. Með því að aka henni með ónýtum hraðamæli hefir hann brotið 6. gr. 7. mgr. bifreiðalaganna. Þá hefir hann með því að aka of hratt, eins og á stóð, og með því að sýna ekki næga aðgæzlu og varkárni brotið 6. og 15. gr. bifreiðalaganna. Loks hefir ákærði brotið 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur með of hröðum akstri, eins og á stóð.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 200. gr. hegningarlaga, 14. gr. bifreiðalaganna og 96. gr. lögreglusamþykktarinnar og með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 45 daga.

Með tilliti til þess, að ákærði ók bifreiðinni umrætt skipti í alveg óhæfilegu ásigkomulagi, að upplýst er, að ákærði átti einn alla sök á slysinu, en hinum látna vegfaranda verður á engan hátt um það kennt, svo og með tilliti til fortiðar ákærða sem ökumanns, þykir rétt auk framangreindrar refsingar að svipta ákærða ökuleyfi sínu æfilangt.

Þá ber að dæma hann til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, hrm. Jóns Ásbjörnssonar, kr. 65.00.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Jón Jónsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 45 daga.

Hann skal og æfilangt sviptur leyfi til að aka bifreið.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrm. Jóns Ásbjörns-sonar, kr. 65.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 29. apríl 1940.

Nr. 104/1939. Höskuldur Jónas Austmar Sigurðsson

gegn

Olgu Dahlberg

**Dómur hæstaréttar.**

Í þinghaldi í dag var mætt í málinu af hálfu áfrýjanda og þess krafizt, að málið yrði hafið.

Af hálfu stefndu var mætt og krafizt ómaksbóta.

Málið er hafið, og greiði áfrýjandi, Höskuldur Jónas Austmar Sigurðsson, stefndu, Olgu Dahlberg, 50 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 29. apríl 1940.

Nr. 122/1939. Sigurður Hallbjarnarson

gegn

H/f. Fiskimjöli

**Dómur hæstaréttar.**

Í þinghaldi í dag var mætt í málinu af hálfu áfrýjanda og þess krafizt, að málið yrði hafið.